

## **Almennt leyfi til fiskveiða (aflamarksleyfi og krókaflamarksleyfi)**

Almennt leyfi til fiskveiða í atvinnuskyni er gefið út á grundvelli laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum. Um það gildir árleg reglugerð um veiðar í atvinnuskyni.

Leyfi gildir frá og með útgáfudegi og gildir svo lengi sem skipi er haldið til fiskveiða. Leyfið fellur niður hafi fiskiskipinu ekki verið haldið til fiskveiða í atvinnuskyni í tólf mánuði samfelld. Þá fellur veiðileyfi niður ef fiskiskip er tekið af skrá Siglingastofnunar Íslands og ef eigendur eða útgerð þess fullnægja ekki skilyrðum til að stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Um reglur um fiskveiðar vísast til ofangreindra laga og reglugerðar, ákvæða laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, sem og reglna sem settar hafa verið og settar kunna að verða samkvæmt ofanefndum lögum. Útgerðarmönnum og skipstjórnendum ber að kynna sér þessar reglur og fara eftir þeim í hvívetna.

Brot gegn ákvæðum ofangreindra laga og reglugerðar varða áminningu eða sviptingu veiðileyfis og öðrum viðurlögum samkvæmt ákvæðum laganna.

Veiðileyfið er bundið þeim skilyrðum að báturinn hafi gilt haffærisskírteini og sé skrásettur á skipaskrá Samgöngustofu eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum.

## **Sérleyfi til fiskveiða**

Sérleyfi eru gefin út á sama lagagrundvelli og almennu veiðileyfin ásamt reglugerð um viðkomandi sérleyfisskyldu veiðar. Gildistími sérleyfa er fyrir eitt fiskveiðitímabil í senn, ýmist fiskveiðiár eða almanaksár eins og tilgreint er í viðkomandi reglugerð.

Um reglur um sérleyfisskyldar veiðar vísast til ofangreindra laga og reglugerðar, ákvæða laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, sem og reglna sem settar hafa verið og settar kunna að verða samkvæmt ofanefndum lögum, þar með talið sérreglur um hinar ýmsu sérleyfisskyldu veiðar. Útgerðarmönnum og skipstjórnendum ber að kynna sér þessar reglur og fara eftir þeim í hvívetna.

Brot gegn ákvæðum ofangreindra laga og reglugerða varða áminningu eða sviptingu veiðileyfis og öðrum viðurlögum samkvæmt ákvæðum laganna.

Sérveiðileyfi eru bundin þeim skilyrðum að báturinn hafi gilt haffærisskírteini og sé skrásettur á skipaskrá Samgöngustofu eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum.